

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Geiteyjarströnd, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 15. apríl sl. tillögu að deiliskipulagi á Geiteyjarströnd í Mývatnssveit.

Skipulagssvæðið er staðsett austan Mývatns og er það í eigu Geiteyjarstrandar 1 í Skútustaðahreppi. Svæðið er um 4,2 ha að stærð, að mestu lítt eða hálf uppgróið hraun og að mestu leyti utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sbr. lög nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012. Á jörðinni hefur um nokkurra ára skeið verið rekin ferðaþjónusta og skv. tillögunni er stefnt að byggingu þriggja nýrra íbúðar- og ferðaþjónustuhúsa auk tólf lítilla gistiskála alls um 1.500 m<sup>2</sup> að stærð. Engar nýjar byggingar verða innan verndarsvæðisins og einungis verður um akfæra göngustíga að ræða innan þess.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Mývatnssveit, 10. júní 2015.*

**Bjarni Reykjálín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2015